

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 83/2005**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB frá 9. desember 2004 um fimmtu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/112/EB frá 13. desember 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 95/50/EB um samræmt eftirlit með flutningi á hættulegum farmi á vegum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB):  
„- **32004 L 0111**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB frá 9. desember 2004 (Stjtið. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17d (tilskipun ráðsins 95/50/EB):  
„- **32004 L 0112**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/112/EB frá 13. desember 2004 (Stjtið. ESB L 367, 14.12.2004, bls. 23).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/111/EB og 2004/112/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórmatíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 367, 14.12.2004, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.